

Formáli ritstjóra

Sumarið 2021 verður án efa skráð í sögubækurnar sem sumarið þegar við fengum loks að lifa lífi okkar frjáls, laus undan þeim takmörkunum sem farsóttin hefur sett okkur síðustu mánuðina. En svo kom bakslagið. Í kjölfar nýrrar bylgju smita vegna nýs afbrigðis af veirunni hafa sóttvarnartakmarkanir verið teknar upp að nýju og enn og aftur er allt óljóst með þróun farsóttarinnar og áhrif hennar á daglegt líf okkar næstu vikur og mánuði. Frá því um miðjan marsmánuð 2020 hefur fátt verið eins og við eigum að venjast og það hefur svo sannarlega einnig átt við um starfið innan veggja háskólans. Mikill tími og orka hafa farið í það að halda dampi og í flestum tilfellum hefur kennslan verið sett í forgang, enda brýnt að nemendur gætu sinnt námi sínu og námsframvindan verið með eins eðlilegum hætti og mögulegt var.

Það er mér mikið ánægjuefni að fá að fylgja 52. hefti *Ritradar Guðfræðistofnunar* úr hlaði. „Life goes on“, segir einhvers staðar, og útgáfa nýs heftis *Ritradarinnar* ber þess vott að okkur hefur tekist að halda okkur við þá stefnu að gefa út tvö hefti á ári þrátt fyrir heimsfaraldur.

Í þessu hefti eru fjórar greinar, sem spanna fjölbreytt fræðasvið, auk fjögurra ritdóma. Fyrst er að nefna aðra grein Hjalta Hugasonar um þá nýbreytni í greftrunarsíðum Íslendinga á níttjándu og tuttugustu öld að grafa ábúendur og nánustu ættmenn þeirra í heimagrafreit en ekki í sameiginlegum sóknarkirkjugörðum. Er það mat Hjalta að hér sé um athyglisvert trúar-, menningar- og félagssögulegt fyrirbæri að ræða, bæði vegna þess hve algengt þetta varð og eins hversu andstætt kristinni hefð þetta var. Í grein sinni gefur Hjalti okkur yfirlit yfir fjölda grafreita, dreifingu þeirra um landið, sem og helstu fjölgunartímabil. Hann byggir rannsókn sína að verulegu leyti á áður ókönnuðum heimildum og kemst að þeirri niðurstöðu að um það bil 170 heimagrafreitir hafi verið stofnaðir á landinu og hafi dreifing þeirra verið mjög mismunandi eftir landshlutum og byggðarlögum. Þó að algengt sé að telja ættarhyggju og átthagaást vera meginástæðu fyrir vinsældum heimagrafreitanna, telur Hjalti það ekki útskýra misjafna dreifingu þeirra um landið, sem verði tæplega útskýrð til hlítar öðruvísi en með samspili efnislegra og hugrænna ástæðna.

Grein Rúnars M. Þorsteinssonar hefur yfirskriftina „Páll og tjaldgerðarfólkið: Starfsemi og „hússöfnuður“ Prisku og Akvílasar í Rómaborg.“ Samkvæmt Postulasögunni starfaði Páll postuli sem tjaldgerðarmaður og í Rómverjabréfi Páls kemur fram að hjónin Priska og Akvílas hafi lagt stund á sömu iðju, en samkvæmt sömu heimild hýstu hjónin svokallaðan „hússöfnuð“ í „húsi“ sínu. Í greininni leitar Rúnar svara við spurningum um félagslegar og trúarlegar aðstæður „hússafnaðarinnar“ og hvort tjaldgerðariðn hjónanna gefi einhverjar vísendingar um svör við þeim spurningum. Rúnar telur að svörin geti veitt upplýsingar um aðstæður Jesúhreyfingarinnar á upphafs- og mótunarskeiði hennar. Almenn niðurstaða hans er sú að Priska og Akvílas hafi starfað og búið í svokallaðri *taberna* og að „hússöfnuður“ þeirra í Róm hafi komið þar saman. *Taberna* þessi hafi að líkindum verið á einu af bágbornustu svæðum borgarinnar, þar sem gyðingar — og síðar kristnir — voru flestir, og að „hússöfnuðurinn“ hafi væntanlega verið fámennur.

Sólveig Anna Bóasdóttir gerir endursköpun guðsmyndar í ljósi reynslu kvenna af ofbeldi og kúgun að viðfangsefni sínu í grein þar sem hún rýnir í texta eftir fjóra kvennaguðfræðinga sem allar hafa lagt fyrir sig nýsmíði guðsmyndar í ljósi gagnrýni á vald Guðs. Mary Daly og guðsmyndargagnrýni hennar er þar fyrst á dagskrá, en Daly aðhylltist róttækan feminisma og beindi skrifum sínum að kaþólsku kirkjunni og kenningum hennar. Fljótlega á ferli sínum komst Daly að þeirri niðurstöðu að henni væri ekki vært innan kirkjunnar, þar sem ekki væri vilji til nauðsynlegrar endurskoðunar og endurnýjunar á ríkjandi hugmyndafræði feðraveldisins sem einkenndi hugmyndir og viðhorf kirkjunnar til kvenna. Sólveig bendir á að áhrif Daly á síðari tíma kvennaguðfræðinga séu óumdeild, eins og sjá má í textum eftir Sallie McFague, Ivone Gebara og Wendy Farley, sem hafa allar ástundað guðsmyndargagnrýni og guðsmyndarnýsköpun. Að mati Sólveigar hefur guðsmyndargagnrýni og nýsköpun kvennaguðfræðinga frá upphafi og fram á þennan dag að miklu leyti snúist um endurtúlkun á valdi Guðs í ljósi sárrar reynslu kvenna af ofbeldi og kúgun en það er einmitt markmið Sólveigar með grein sinni að draga fram skýr dæmi um það í textum guðfræðinganna McFague, Gebara og Farley, sem allar hafa verið mótandi í umræðunni um guðsmyndina á síðustu áratugum.

Í grein sem ber yfirskriftina „Hvað var trúarlegt við Tyrkjaránið?“ leitast Þorsteinn Helgason við að skýra hvað sé trúarlegt í upplifun og viðbrögðum þeirra sem reyndu Tyrkjaránið á eigin skinni eða fjölluðu um það í samtímanum. Þorsteinn bendir á að atburðurinn hafi verið umvafinn trúarskilningi og trúarvísunum, ekki síst þar sem hann er kenndur við Tyrki, og í Bænabók Guðbrands Þorlákssonar biskups sé beðið um styrk Guðs gegn „alls kristindóms höfuðóvin, Tyrkjanum og öðrum hans mökum“. Þessi trúarlega andúð hafi verið sterk í vitund Ólafs Egilssonar og annarra fanga þó að hún gliðnaði hjá sumum við nánari kynni af Norður-Afríku. Þá hafi hernaðarárásir korsara (e. *corsairs*) frá Norður-Afríku á Evrópuþjóðir verið trúarlegar hefndaraðgerðir vegna tapaðra landsvæða en jafnframt gerðar í hagnaðar- og atvinnuskyni. Í samtímafrásögnum séu korsarar sagðir hafa sýnt mikla grimmd og hafi trúskiptingar, þeir sem áður höfðu verið kristnir, verið taldir verstir. Í grein sinni leggur Þorsteinn áherslu á heildarskilning landsmanna á áfalli af stærðargráðu Tyrkjaránsins sem verðskuldaða refsingu syndugs mannkyns en einnig fjallar Þorsteinn um leiðir til huggunar eftir hremmingar og missi.

Af ritdómum er fyrst að nefna ritdóm Arnfríðar Guðmundsdóttur um bók Barböru Brown Taylor *Holy Envy: Finding God in the Faith of Others* (2019). Þá skrifar Gunnlaugur A. Jónsson tvo ritdóma um bækur sem báðar komu út árið 2019. Annars vegar er það bók Karls Sigurbjörnssonar sem ber titilinn *Dag í senn, eitt andartak í einu: Hugleiðingar fyrir hvern dag ársins*. Hins vegar fjallar Gunnlaugur um nýja útgáfu guðræknirits Martins Moller frá sextánda öld, *Soliloquia de Passione Jesu Christi: Það er Eintal sálarinnar við sjálfa sig*, sem fyrst kom út á íslensku 1599 og mun vera meðal elstu þýddu guðræknirita í lútherskum sið á Íslandi. Fjórði og síðasti ritdómurinn er eftir Sólveigu Önnu Bóasdóttur þar sem hún skrifar um splunkunýja bók eftir Sverri Norland, sem ber heitið *Stríð og klíður: Hvað verður um ímyndunaraflid?*

Kæru lesendur, njótið vel!

Arnfríður Guðmundsdóttir